

**Nd.**

**666. Frumvarp til laga**

**[251. mál]**

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 540 með þessum breytingum:

3. gr. C og D hljóðar svo:

- C1. Frá línu réttvisandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvisandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.

- C2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) og réttvísandi suður af Ingólfshöfða (vms 22) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí—31. janúar utan línu, sem dregin er 9 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- C3. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) og réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. september—31. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- C4. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) er skipum sem eru 39 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- C5. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- C6. Frá línu réttvísandi austur frá Ingólfshöfða (vms 22) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- C7. Frá línu réttvísandi austur frá Ingólfshöfða (vms 22) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

#### D. SUÐURLAND

- D1. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V) er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
- D2. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður úr Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey, eru skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilrar veiðar með botnvörpu og flotvörpu allt árið.
- D3. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V) í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
- D4. Á tímabilinu 1. ágúst—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V).
- D5. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 16. maí—31. desember utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- D6. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- D7. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan heri í Elliðaey að austan og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkant Ysta-

kletts og Faxaskersvita beri saman. Ennfremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsimastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda, á 200 metra belti beggja megin við strengina.

- D8. Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði sem takmarkast að austan af línu sem dregin er til lands úr Faxaskersvita í Vestmannaeyjum um austurbrún Ystakletts og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárósi ( $63^{\circ}46'5$  n.br.,  $20^{\circ}49'0$  v.lg.).
- D.9. Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug  $21^{\circ}57$  v.lg. og að vestan af lengdarbaug  $22^{\circ}32$  v.lg.

24. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

Ákvæði til bráðabirgða (ný gr.) hljóðar svo:

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Skip, sem áður höfðu notið veiðiheimilda skv. stærðarmælingu 105 brúttórúmllestir og minni og 350 brúttórúmllestir og minni, skulu áfram njóta sömu veiðiheimilda skv. lögum þessum og skip 26 m og minni og 39 m og minni.